




Laufríðingur

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

23. árg. 2014 1. tbl.

Gleðilegan alþjóðlegan dag skóga! 21. mars



Alþjóðlegur dagur skóga



Í lok árs 2012 samþykktu Sameinuðu þjóðirnar að framvegis skyldi 21. mars vera alþjóðlegur dagur skóga og var haldið upp á hann í fyrsta skipti í fyrra. Kom þessi ákvörðun í kjölfar vel heppnaðs Alþjóðlegs árs skóga árið 2011, auk þess sem ýmis lönd og landssvæði hafa hefðir fyrir skógar- og trjátengdum hátíðisdögum. Þeirra þekktastur er kannski Arbor Day í Bandaríkjunum, sem var fyrst haldinn í Nebraska árið 1872.

Skógar og tré skipta miklu máli á heimsvísu hvað varðar vatns- og loftgæði og líffræðilegan fjölbreytileika, en talið er að skógar séu heimkynni rúmlega helmings landdýra og plantna. Auk þess eru skógar uppspretta matar, skjóls og atvinnu fyrir fjölda fólks, en áætlað er að um 1,6 milljarðar manni hafi lífsviðurværi sitt af skógum. Og það eru ekki bara stóru skógarnir sem skipta máli. Í samþykkt Sameinuðu þjóðanna kemur skýrt fram mikilvægi trjáa almennt: „...að vegsama og auka vitund um mikilvægi allra gerða skóga og trjáa utan skóga...“ [*...to celebrate and raise awareness of the importance of all types of forests and of trees outside forests...*]. Það eru einmitt þessi tré utan skóga sem hafa kannski verið vanmetin. Sífellt fleiri rannsóknir renna stoðum undir mikilvægi trjágróðurs í þéttbýli fyrir ýmis umhverfisgæði og jákvæð áhrif þeirra á heilsu borgarbúa. Samkvæmt nýlegri breskri rannsókn

dró til dæmis einföld röð trjáa meðfram götu úr magni svifryks um rúmlega helming í húsum við götuna. Alþjóðlegum degi skóga er einnig ætlað að minna á þetta hlutverk.

Við fyrstu sýn virkar miður mars kannski ekki sem heppilegasti tími ársins hér á landi til að halda upp á skóga og trjágróður, enda skógrækt mikið tengd gróðursetningu í hugum fólks, sem er heldur erfið þegar frost er iðulega enn í jörðu. En skógrækt er svo miklu meira en að setja niður tré og skógar gegna hlutverki sínu allt árið um kring. Á vorin má sjá gróðurinn springa út, á sumrin er græni liturinn í hámarki og veðrið hvað hlýjast, sérstaklega inni í skjólgóðum skóginum, á haustin taka sveppir og haustlitir laufanna á móti gestum og yfir veturinn skiptir skjól skóganna enn meira máli en á sumrin upp á útivist til að gera. Þótt veður geti verið misjöfn þann 21. mars, enn snjór á jörðu og kvöld- og næturdimmt, er samt alveg hægt að halda alþjóðlegan dag skóga hátíðlegan. Allt sem þarf eru góð útiföt, ljósfæri ef haldið er af stað eftir að skyggja tekur og jákvætt hugarfar. Ævintýrin finnast nefnilega í skóginum árið um kring. Það er því um að gera að merkja alþjóðlegan dag skóga inn á dagatalið til frambúðar og halda upp á hann á hverju ári.

Gleðilegan alþjóðlegan dag skóga!

Ragnhildur Freysteinsdóttir
ritstjóri

Laufblaðið

Fréttablað, 23. árgangur, 1. tölublað 2014.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:

Ragnhildur Freysteinsdóttir
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2013:

Magnús Gunnarsson, formaður
Sigrún Stefánsdóttir, varaformaður
Guðbrandur Brynjúlfsson, gjaldkeri.
Þuríður Yngvadóttir, ritari.

Meðstjórnendur:

Aðalsteinn Sigurgeirsson
Gísli Eiríksson
Páll Ingbór Kristinsson

Varamenn:

Sigríður Heiðmundsdóttir
Kristinn H. Þorsteinsson
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags
Íslands




Skógræktarfélag Reykjavíkur kaupir jörð í Borgarfirði

Skógræktarfélag Reykjavíkur keypti jörðina Múlastaði í Flókadal nú í febrúar. Jörðin er um 650 hektarar að stærð og vel fallin til skógræktar, með aflíðandi hliðum. Ræktunarsamningur er nú þegar í gildi við Vesturlands-skóga um hluta jarðarinnar eða 370 hektara. Þá hefur stjórn félagsins ákveðið að sækja um aðild að Landgræðsluskógunum með hluta jarðarinnar og hafnar eru viðræður um það.

Húsakostur er frekar lélegur en ákveðið hefur verið að gera íbúðarhúsið upp og nota það sem starfsmannahús hluta úr ári og ef vel tekst til verður það boðið félagsmönnum til útleigu.

Jörðin kostaði 56 milljónir króna og er af félaginu hugsuð sem langtímafjárfesting. Jörðinni fylgja nokkur hlunnindi, svo sem malarnáma og veiðiréttur í Flókadalsá.



(Mynd: Google Earth: Digital Globe 2014; Cnes/Spot Image 2014).

Fallegt Yrkjuskilti

Á vegum grunnskólans á Patreksfirði hafa nemendur gróðursett trjáplöntur í Yrkjuverkefninu allt frá árinu 1995. Þetta fallega og haganlega gerða skilti markar aðkomu svæðisins í Mikladal. Vel sést að Yrkjuskógurinn er í miklum vexti og er vitnisburður um gott og árangursríkt samstarf nemenda og kennara.

Skiltið við Yrkjuskóginn (Mynd:BJ).



Myndlistarsýning - Barabarrtré


Trjágróður og skógar hafa lengi verið listamönnum innblástur og uppspretta ýmissa vangaveltna. Í desember opnaði sýningin *Barabarrtré* með verkum eftir Söru Riel í TÝS-gallerí og stóð sýningin til 19. janúar. Á sýningunni leitaðist Sara við að vekja fólk til umhugsunar um skógrækt á Íslandi og viðhorf til mismunandi trjategunda. Hvers vegna dásamar fólk lauftré eins og birki á sumrin en barrtré njóta eingöngu náðar um jólaleytið, eru annars talin framandi, ágeng tegund? Um jólin þykja greni og fura eftirsóknarverð og sjálfsagt að flytja inn barrtré ræktuð á stórum ökrum í öðrum löndum. Þau eru altari jólagjafanna í stofum okkar, með ilmi sínum og útliti. Þangað til þau eiga ekki lengur upp á pallborðið og er fleygt út eftir um það bil tvær vikur.

Málverk á sýningunni. Það er unnið með blandaðri tækni, mónóprent og málun, og sýnir tré, sem sett er saman úr tugum mismunandi barrtrjategunda (Mynd: RF).



Barnahornið

Á MYNDUNUM HÉR FYRIR NEÐAN ERU TÍU ATRÍÐI EKKI EINS Á BÁÐUM MYNDUNUM. FINNIÐ ÖLL TÍU!



Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Reykjavík

Auglýsingastofan ENNEMM,
Brautarholti 10
Á.T.V.R., Stuðlahálsi 2
Árni Reynisson ehf, Skipholti 50d
Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Fiskmarkaðurinn ehf, Aðalstræti 12
Garðmenn ehf, Skipasundi 83
Gjögur hf, Kringlunni 7
Guðmundur Jónasson ehf,
Borgartúni 34
Háskóli Íslands, Sæmundargötu 4
Hilmar D. Ólafsson ehf,
Eldshöfða 14
Landsnet hf, Gylfaflöt 9
Landvernd, Þórunnartúni 6
Loftstokkahreinsun.is,
s: 567 0882, Garðhúsum 6
Löndun ehf, Kjalarvogi 21
Nexus afþreying ehf, Nóatúni 17
Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
Raftíðni ehf, Grandagarði 16
Rarik ohf, Bíldshöfða 9
Skorri ehf, Bíldshöfða 12
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs,
Skógarhlíð 14
Tannréttingar sf, Snorrabraut 29
Tannsmiðjan Króna sf,
Suðurlandsbraut 46
Teiknistofan Arkitektar,
Brautarholti 6
TREX-Hópferðamiðstöðin,
Hesthálsi 10

Umhverfis og skipulagssvið

Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14
Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27
Verkfræðistofan Afl og Orka ehf,
Hraunbergi 4
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20

Kópavogur

Gólfþjónusta Íslands ehf, Dalvegi 29
Hvellur-G. Tómasson ehf,
Smiðjuvegi 30
Innviðir ehf, Smiðjuvegi 36
JSÓ ehf, Smiðjuvegi 4b
Kríunes ehf, Kríunesi við Vatnsenda
Ljós vakinn ehf, Vesturvör 30b
MHG verslun ehf, Akralind 4
Rafmiðlun hf, Ögurhvarfi 8

Garðabær

Geislataekni ehf-Laser-þjónustan,
Suðurrhauni 12c
Manus ehf, Smiðsbúð 7
Raftækniþjónusta Trausta ehf,
Lyngási 14

Samhentir-Kassagerð ehf,

Suðurrhauni 4
Öryggisgirðingar ehf, Suðurrhauni 2

Hafnarfjörður

Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð,
Gullhelli 1
Hvalur hf, Reykjavíkurvegi 48
Verkalýðsfélagið Hlíf,
Reykjavíkurvegi 64

Reykjanesbær

Renniverkstæði Jens Tómassonar,
Fitjabakka 1c
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Toyota Reykjanesbæ,
Njarðarbraut 19
Verslunarmannafélag Suðurnesja,
Vatnsnesvegi 14

Grindavík

Einhamar Seafood ehf, Verbraut 3a
Hópsnes ehf, Verbraut 3
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

Mosfellsbær

Glertækni ehf, Völuteigi 21
Nonni litli ehf, Þverholti 8
Reykjabúið ehf, Suðurreykjum 1
Röðull bílaverkstæði, Flugumýri 6

Akranes

Straumnes ehf, rafverktakar,
Krókatúni 22-24

Borgarnes

Eyja- og Miklaholtshreppur,
Snæfellsnesi
Framköllunarþjónustan ehf,
Brúartorgi 4
Kaupfélag Borgfirðinga, Egilsholti 1
Landbúnaðarháskóli Íslands,
Hvanneyri
Skógræktarfélag Borgarfjarðar,
Kveldúlfsgötu 18

Útinám og útikennslustofur

Útinám (eða útikennsla) hefur verið að ryðja sér til rúms hér á landi undanfarin ár. Í því felst að kennsla fer fram utandyr og í henni er stuðst við það sem náttúran og umhverfið bjóða upp á, á hverjum stað. Þótt hugmyndafræðin um formlegt útinám komi að miklu leyti erlendis frá á slíkt sér djúpar rætur hérlendis - í hinum ýmsu útivistarsamtökum (t.d. Ferðafélagi Íslands og Útivist), í skátastarfi og sumarbúðum og námskeiðum fyrir börn.

Útinám getur verið mjög fjölbreytt og áherslur mismunandi milli staða og landa, enda hafa sum lönd fengist við útinám lengur en önnur. Almenn séð er þó leitast við að skapa tengsl við náttúru og umhverfi, sérstaklega nánasta umhverfi og hefur þar verið horft til bæði hins byggða og náttúrulega umhverfis, þótt meiri áhersla hafi almennt verið á hið náttúrulega umhverfi. Ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á að vel útfært útinám hefur margvísleg jákvæð áhrif - það getur stutt við nám á ýmsa vegu, ýtt undir sjálfstraust og félagsfærni barna og aukið færni þeirra í að leysa ýmis verkefni.

Hér á landi hefur aðstaða til útináms fram að þessu verið mikið tengd skógum og trjálundum, enda veðurfar hérlendis þannig að á veturna, þegar börnin eru í skólanum, getur verið kalt og vindasamt að vera úti. Þá skiptir trjágróður miklu máli upp á að skapa skjól. Sums staðar geta þeir skólar, sem tekið hafa upp útinám að einhverju leyti, nýtt sér skógarlundi í grenndinni, en annars staðar háttar þannig til að töluverður spölur er í heppilega reiti. Því hafa ýmsir skólar lagt áherslu á að rækta upp litla lundi við eða nálægt skólunum og hafa margir þeirra sótt stuðning í Yrkjusjóð til uppbyggingar kennslurjóðra og skjóls. Einnig má nefna að fjölmargir leik- og grunnskólar hafa gert formlegan samning við Reykjavíkurborg um afnot af grænum svæðum til útináms þar sem þeir einnig fá tækifæri til umhirðu skóglendis og til gróðursetningar.

Þegar má finna aðstöðu til útináms - útikennslustofur - á ýmsum stöðum og hafa nokkur skógræktarfélög komið að þeim málum. Ákveðið brautryðjendastarf í þessum málum hérlendis var til dæmis unnið af Náttúruskóla Reykjavíkur, í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur, en ein af fyrstu formlegu útikennslustofunum var einmitt útbúin í skógi Skógræktarfélags Reykjavíkur á Heiðmörk árið 2006.

Fyrir þá sem vilja kynna sér útinám betur má benda á heimasíður Samtaka náttúru- og útiskóla (www.utinam.is) og Náttúruskóla Reykjavíkur (www.natturuskoli.is), en þar má finna nánari umfjöllun um útinám og hugmyndir að verkefnum sem leysa má af hendi.



Að ofan og t.v. Eftir langan dag í skóginum er gott að fá yl í kroppinn við varðeldinn, auk þess sem krakkar hafa almennt mikinn áhuga á lifandi eldi. Eldurinn hlýjar ekki bara, heldur má líka nota hann til að elda margvíslega gómsæta rétti og búa til heitt kakó, sem er alltaf vinsælt hjá yngri kynslóðinni - og jafnvel þeim eldri líka! (Myndir: Helena Óladóttir).



Íslenskt fyrir alla ræktun

100% íslensk ræktunarmold, lífrænn massi og Hekluvikur.

- Umpottun á stofublómum
- Í útikerið og svalakassann
- Í garðinn og gróðurhúsið
- Uppeldi á sumarblómum og grænmeti

Lífrænn massi fæst einnig í stórsekkjum (ca. 1m³ / 600kg)
Tilboð í flutning í maí og júní, sími: 480 6700
Netfang: sveppir@sveppir.is



Samstarfssamningur milli Grindavíkurbæjar og Skógræktarfélags Grindavíkur

Grindavíkurbær og Skógræktarfélag Grindavíkur skrifuðu undir samstarfssamning þann 14. desember síðast liðinn og voru það Marta Sigurðardóttir bæjarfulltrúi og Guðmundur Grétar Karlsson, formaður Skógræktarfélagsins, sem skrifuðu undir í Selskógi, en þar var Skógræktarfélagið með vel heppnaða jólatrjáasölu nú fyrir jólin.

Markmið samningsins er að stuðla að ræktun Landgræðsluskóga og tryggja íbúum sveitarfélagsins og almenningi svæði til útivistar um ókomna framtíð. Lýtur samningurinn að tveimur svæðum. Annars vegar að Selskógi við Þorbjörn, en þar var fyrst gróðursett á 6. áratug síðustu aldar og er þar nú þegar hinn skemmtilegasti skógur. Hins vegar að nýju landi norður af Hóps hverfi. Stefnt er að því að byggja svæðin upp með ýmissi aðstöðu til útivistar, svo sem góðum stígum, leiktækjum og bekkjum, auk þess sem auðvitað verður lögð áhersla á plöntun, grisjun og aðra gróðurumhirðu.



Guðmundur Grétar Karlsson og Marta Sigurðardóttir undirrita nýjan samstarfssamning í Selskógi (Mynd: Kristján Bjarnason).

Málþing: Kynbætur á yndisplöntum fyrir Ísland

Garðyrkjufélag Íslands, Skógræktarfélag Íslands og Landbúnaðarháskóli Íslands standa fyrir málþingi um kynbætur á yndisplöntum föstudaginn 4. apríl, í fundarsal Garðyrkjufélags Íslands.

Markmið málþingsins er að vekja áhuga ræktunarfólks á plöntum sem ætlaðar eru til yndis og nytja og eru markvisst aðlagðar íslenskum aðstæðum með kynbótum. Á málþinginu verður fjallað um reynslu sem þegar er fengin af plöntukynbótum á Íslandi og hugað að framtíðarmöguleikum hérlandis fyrir garðyrkju og skógrækt.

Í upphafi málþingsins flytur kanadíski grasafræðingurinn Claire Laberge erindi um sögu kynbóta og framfara í ræktun yndisplanta í Kanada á síðustu öld. Reynsla Kanadamanna af kynbótum á garðrósum og ávaxtatréjum fyrir mjög erfið ræktunarskilyrði á gresjum Kanada getur verið Íslendingum fyrirmynd og hvatning því þar hafa orðið gífurlegar framfarir á síðustu áratugum. Hafa Íslendingar þegar notið árangurs af því starfi, ekki sist í rósarækt. Nánari



Rósir geta þrífist vel hérlandis (Mynd: RF).

upplýsingar eru á heimasíðum Skógræktarfélags Íslands - www.skog.is og Garðyrkjufélags Íslands - www.gardurinn.is. Skráning á málþingið er á netfangi Garðyrkjufélagsins: gardurinn@gardurinn.is.

Svipmynd

Skógar eru áhugaverðir til útivistar allan ársins hring - þar gildir bara að klæða sig eftir veðri - og er veðrið reyndar iðulega betra inni í skógunum á veturna en fyrir utan þá.

Laufleysið hjá lauftrjánnum á veturna getur gert það að verkum að form trjánna verður sýnilegri en ella, sérstaklega þegar snjórinn rammar trén inn.

(Mynd: RF).



Umhverfislausnir fyrir skrifstofur

Efnamóttakan hf. býður fyrirtækjum og stofnunum þjónustu sem tryggir öryggi og hámarksendurvinnslu ýmissa efnaflokka er falla til á skrifstofum.



Trúnaðarskjöl

Trúnaðarskjölum er safnað í sérstök læst látt. Gögnin eru síðan tætt og fyllsta trúnaðar og öryggis er gætt.



Rafhliður og lítill raftæki

Útvægum hentug látt fyrir rafhliður, sem ekki mega blandast öðrum úrgangi. Í sömu látt má setja farsíma og önnur lítil raftæki.

VIÐ SÆKJUM!



Prenthylki

Notuðum heilum prenthylkjum er hentugt og hagkvæmt að safna í sérstök látt. Með því móti er endurnýting þeirra tryggð.



Stór raftæki

Sækjum stór raftæki og tryggjum að þau komist til öruggar endurvinnslu. Trúnaðargögnum á tölvum er eytt.

Efnamóttakan hf
Spillum ekki framtíðinni

Sími 559 2200 • soludeild@efnamottakan.is
www.efnamottakan.is

Ný stjórn Skógræktarfélags Bíldudals

Þann 4. mars síðastliðinn var kosin ný stjórn Skógræktarfélags Bíldudals en þar hefur verið vaxandi áhugi á aukinni skógrækt við þéttbýlið og næsta nágrenni.

Sögu skógræktar á Bíldudal má rekja aftur til ársins 1947 þegar hafist var handa við að reisa sjö hektara girðingu inn í Seljadal innan við Bíldudal. Upphaf fyrstu gróðursetningar mun hafa verið árið 1949 þegar gróðursettar voru 500 birkiplöntur, 500 rauðgreni og 500 skógarfurur. Unnið var að gróðursetningu nokkuð reglulega til ársins 1963. Árið 1966 er svo getið um gróðursetningu á þúsund trjáplöntum í Seljadal en aðalfundur félagsins þá var haldinn í Þormóðslundi. Í heildina voru því gróðursettar fast að tuttugu þúsund plöntur. Reynslan hefur sýnt að sumar þessara tegunda hafa ekki staðið sig vel, eins og skógarfuran, sem er nánast öll horfin. Sitkagreni er sú tegund sem hefur staðið sig hvað best af þeim fimm

trjá-tegundum (birki, síberiulerki, skógarfura, rauðgreni og sitkagreni) sem plantað var í þessari frumraun skógræktar á Bíldudal. Um og upp úr 1990 hófst svo markviss gróðursetning ofan byggðarinnar og hefur sú ræktun tekist með miklum ágætum og setur svip á umhverfið.

Á fundinum, sem var vel sóttur, voru kosin í stjórn Nanna Sjöfn Pétursdóttir formaður, Finnbjörn Bjarnason gjaldkeri og Ása Dóra Finnbogadóttir ritari. Þá voru skoðunarmenn kosnir Anna Vilborg Rúnarsdóttir og Signý Sverrisdóttir.

Ýmsar hugmyndir voru ræddar á fundinum og verður spennandi að fylgjast með starfi félagsins á næstu árum.



Fundurinn var haldinn í góðu húsnæði Bíldudalsskóla (Mynd: BJ).



Viða er að finna falleg tré á Bíldudal sem skýla og fegra umhverfið enda Bíldudalur rómaður fyrir veðursæld og blíðu. Silfurreynir kann til dæmis vel við sig á Bíldudal þrátt fyrir nokkurt gnauð af hafáttinni (Mynd: BJ).

Fagraðstefna skógræktar 2014

Fagraðstefna skógræktar 2014 var haldin á Hótel Selfossi dagana 12.-13. mars og var meginþema hennar *Skógur og skipulag*, en rúmlega helmingur erinda var tengdur því þema. Að venju mættu á ráðstefnuna fulltrúar frá öllum helstu skógræktaraðilum hérlandis, en um 130 þátttakendur voru skráðir til leiks.

Ráðstefnan hófst með ávarpi Sigurðar Inga Jóhannssonar, umhverfis- og auðlindaráðherra, en síðan tóku við hin fjölbreytilegustu erindi um skóga og skógrækt og náðu erindin yfir báða dagana. Erindin voru svo brotin upp með gönguferð út í Hellisskóg síðdegis þann 12. mars, en það er aðal ræktunarsvæði Skógræktarfélags Selfoss og vinsælt til útivistar. Veðurguðirnir voru reyndar ekki alveg í besta skapinu á meðan á göngunni stóð, en fundargestir létu það ekki trufla sig, enda boðið upp á hressingu í Stóra-Helli, en það er sá hellir sem skógurinn dregur nafn sitt af.



Björgvin Eggertsson, formaður Skógræktarfélags Selfoss, segir frá Hellisskógi og ræktun þar (Mynd: RF).

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Stykkishólmur

Málflutningsstofa Snæfellsness,
Aðalgötu 24

Hellissandur

Kristinn J Friðþjófsson ehf,
Háarifi 5 Rifi

Bolungarvík

Sigurgeir G. Jóhannsson ehf,
Hafnargötu 17

Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur, Miðtúni 1

Hvammstangi

Húnaþing vestra,
Hvammstangabraut 5

Sauðárkrókur

Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
K-Tak ehf, Borgartúni 1

Akureyri

Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf,
Smáratúni 16b
Höldur ehf, bílaleiga,
Tryggvabraut 12
Ísgát ehf, Furulundi 13f
Raftákn ehf, Glerárgötu 34
Toyota Akureyri, Baldursnesi 1

Dalvík

Promens Dalvík ehf,
Gunnarsbraut 12

Húsavík

Knarrareyri ehf, Túngötu 6

Laugar

Framhaldsskólinn á Laugum,
Laugum Reykjadal
Gistiheimilið Stóru-Laugar,
sími 464-2990, Stóru-Laugum

Vopnafjörður

Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

Egilsstaðir

Bílamálun Egilsstöðum ehf,
Fagradalsbraut 21-23
Fljótsdalshérað, Lyngási 12
Gróðrarstöðin Barri ehf,
Valgerðarstöðum 4
Héraðsprent ehf, Miðvangi 1

Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður,
Hafnargötu 44

Reyðarfjörður

Tærgesen, veitinga- og gistihús,
Búðargötu 4

Neskaupstaður

Síldarvinnslan hf, Hafnarbraut 6
Tónspil ehf, Hafnarbraut 22

Selfoss

Búnaðarfélag Bláskógarbyggðar,
Dalbraut 1
Fossvélar ehf, Hellismýri 7
Jóhann Helgi og Co ehf,
Vatnsholti 2
Orkugerðin ehf, Heiðargerði 5
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða,
Gagnheiði 35
Skeiða- og Gnúpverjahreppur,
Árnesi

Hveragerði

Ficus ehf, Bröttuhlíð 2
Heilsustofnun NLFÍ-
www.nlfi.is, Grænumörk 10
Hveragerðisbær, Sunnumörk 2

Hvolsvöllur

Búaðföng-bu.is, Stórólfsvelli

Vestmannaeyjar

Ísfélag Vestmannaeyja hf,
Strandvegi 28
Vélaverkstæðið Þór ehf,
Norðursundi 9

Opin hús skógræktarfélaganna

Eftir smá hlé eru Opin hús skógræktarfélaganna nú aftur haldin á vormánuðum, en á þeim eru flutt áhugaverð erindi um ýmsar hliðar skóga og skógræktar. Þema Opnu húsanna þetta vor eru heimsóknir í erlenda skóga.

Fyrsta Opna húsið að þessu sinni var haldið í fundarsal Garðyrkjufélags Íslands í Síðumúla fimmtudaginn 6. mars. Þar sagði Gústaf Jarl Viðarsson, skógfræðingur hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, frá ferð sinni um skóga í Kaliforníu, en hann var þar á ferðinni síðast liðið haust.

Næsta Opna húsið verður svo aftur um skóga í N-Ameríku, en þann 1. apríl mun Kristján Baldursson, frá ferðaskrifstofunni Trex, segja frá fræðsluferð Skógræktarfélags Íslands til Colorado síðast liðið haust, en Trex sá um almenna skipulagningu ferðarinnar í samráði við Skógræktarfélagið.

Á þriðja Opna húsinu verður svo haldið í nýja heimsálfu. Þann 10. apríl mun Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, segja frá trjágróðri og gördumí Berlín.

Síðasta Opna húsið að vori verður svo haldið



Gústaf Jarl Viðarsson segir frá ferðalagi um skóga Kaliforníu. Þar finnast mörg afmerkustu trjám veraldar, meðal annars risafuruna General Sherman, sem er stærsta tré jarðar (að rúmmáli), en það tré var einmitt einn af þeim stöðum sem Gústaf heimsótti í ferðinni (Mynd: RF).

Þann 15. apríl en þar mun Barbara Stanzeit, Skógræktarfélagi Garðabæjar, segja í máli og myndum frá fræðsluferð Skógræktarfélags Íslands til Þýskalands haustið 2012, en Barbara sá um túlkun í ferðinni.

NordBio - norræna lífhagkerfið

Ísland fer með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni nú í ár. Grænn hagvöxtur hefur verið settur í forgang í norrænu samstarfi næstu árin og í samræmi við það er stærsta formennskuverkefni Íslands verkefni um norræna lífhagkerfið (*Nordic Bioeconomy Programme*, styttn í NordBio). Var NordBio-verkefninu formlega hleypt af stokkunum með ráðstefnu í Reykjavík þann 5. febrúar síðast liðinn. Miðast verkefnið við að nýta þá miklu möguleika sem felast í uppbyggingu lífhagkerfis á Norðurlöndum, með áherslu á bestu mögulegu nýtingu náttúruauðlinda og minni soun, og samvinnu milli hinna ýmsu sviða - landbúnaðar, sjávarútvegs, skógræktar, orkuiðnaðar og fræðslustarfsemi o.fl.

Eru skógrækt og skógarafurðir meðal meginstoða í norræna lífhagkerfinu og fellur eitt verkefni innan NordBio sérstaklega undir það - *Wood Biomass in the Nordic Bioeconomy*, styttn í WoodBio, en það miðast við að varpa ljósi á hlutverk skógræktar í norræna lífhagkerfinu, með áherslu á við sem hráefni til lífræns eldsneytis, efna-vinnslu og framleiðslu hita og rafmagns.



Norðurlandabúar hafa lengi nýtt sér skóga og skógarafurðir (Mynd: Johannes Jansson/norden.org).

Nánar má lesa um NordBio-verkefnið í vefriti Norrænu ráðherranefndarinnar *Green Growth - the Nordic Way* (www.nordicway.org) og nánar um WoodBio-verkefnið á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar (<http://www.norden.org/is/thema/nordic-bioeconomy/nordbio/verkefni/woodbio>).

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands



Fjallabyggð



GARÐABÆR



molta



Skógræktarfélag Reykjavíkur



solo



Gerðu garðverkin skemmtilegri

Pýsk gæðatæki
sem auðvelda þér
garðvinnuna



Úðabrúsar
1-20 ltr.
Með og án
þrýstijafnara

Garðsláttuvélur
Rafmagns- eða
bensindrifnar

Hekklippur
Rafmagns- eða
bensindrifnar

Sláttutraktorar
Ýmsar útfærslur

Keðjusagir
Rafmagns- eða
bensindrifnar

Sláttuorfl
Rafmagns- eða
bensindrifin

Einnig
mosatætarar,
jarðvegstætarar,
laufblásarar,
kantskerar



RAFVER

FAGMENNSKA ALLA LEIÐ

Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · Fax 568-0215 · www.rafver.is

Námskeiðaröð um ræktun jólatrjáa

Skógræktarfélag Reykjavíkur stóð fyrir námskeiði um ræktun jólatrjáa síðast liðið haust, í samstarfi við Else Möller skógfræðing, en lokaverkefni hennar í námi fjallaði einmitt um hraðræktun jólatrjáa á ökrum. Mikill áhugi reyndist á þessu námskeiði og voru þátttakendur á því frá helstu aðilum sem selt hafa innlend jólatré - skógræktarfélögum, Landssamtökum skógareigenda, landshlutabundnu skógræktarverkefnunum og Skógrækt ríkisins. Var í framhaldinu ákveðið að bjóða upp á röð námskeiða, þar sem farið væri ítarlegar í saumana á mikilvægum atriðum í ræktun og umhirðu jólatrjáa.

Öll námskeiðin verða haldin á Elliðavatni. Fyrstu tvö námskeiðin verða haldin þann 7. apríl. Jóhanna Lind Elíasdóttir, frá Rannsóknamiðstöð Landbúnaðarins, mun fjalla um gerð fjárhagsáætlunar fyrir jólatrjáarækt. Farið verður yfir hvernig sett er upp fjárhagsáætlun og haldið utan um kostnað og tekjur frá upphafi til enda ræktunarferilsins. Síðar sama dag mun Marianne Lyhne frá Skov og Landskab í Danmörku vera með námskeið um formun jólatrjáa, umhirðu og klippingu. Farið er yfir aðferðir við að forma og laga jólatré til að bæta útlit og auka gæði og nýtingarhlutfall.

Tvö önnur námskeið eru svo fyrirhuguð. Þann 28. ágúst mun Else Möller skógfræðingur fjalla um flokkun, framsetningu og samskipti við söluaðila. Farið verður



Jólatré úr skógum Skógræktarfélags Reykjavíkur til sölu á Jólamarkaðinum á Elliðavatni jóln 2013 (Mynd: RF).

yfir hvernig tré eru flokkuð eftir ákveðnum stöðlum, þau valin, merkt og skráð fyrir sölu og farið yfir markaðssetningu, sölu og samskipti við söluaðila.

Þann 9. október mun Steinar Björgvinsson, skógfræðingur og blómaskreytir, svo vera með sýnikennslu í gerð kransa með efni úr íslenskum skógum, hvort sem er köngla-, greni- eða greinakransa, og fá þátttakendur tækifæri til að gera sína eigin kransa.

Námskeiðin verða auglýst þegar nær dregur á heimasíðu Skógræktarfélags Reykjavíkur - www.heidmork.is.

Allir lesa Laufblaðið!



(Mynd:RF).

Bubbulína er að mestu leyti inniköttur (kíkir stundum út á svalir), enda „fin dama“ sem kann betur við sig inni í hlýjunni en í alls kyns veðrum úti. Henni finnst hins vegar skemmtilegt að fylgjast með því sem er að gerast úti og gluggar því reglulega í Laufblaðið til að fá fréttir úr skógræktinni.

Allir eru hvattir til að senda inn skemmtilega mynd af einhverjum að lesa Laufblaðið. Fyrirsætur mega vera sem fjölbreytilegastar hvað varðar stærð, þyngd, litarhaft, hárrýði, kyn eða tegund! Sendið mynd, nafn ljósmyndara og nafn fyrirsætu til ritstjóra á netfangið rf@skog.is.

Sjaldgæfir tittlingar í Höfðaskógi

Það hefur lengi tíðkast að fóðra fuglana á hlaðinu við bækistöðvar Skógræktarfélags Hafnarfjarðar og gróðrarstöðvarinnar Þallar. Hólmfríður Finnboga-dóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Skógræktarfélagsins, var sérlega dugleg að fóðra fuglana nánast hvern einasta dag yfir vetrarmánuðina. Þetta hefur skilað sér í fjölbreyttu fuglalífi í skóginum í gegnum tíðina. Fuglarnir eru fóðraðir á alls kyns æti. Bæði eru það matarafgangar hvers kyns og sérstakt fuglafóður. Prestir, starar og hrafnar éta nánast hvað sem er eins og kjöt, feitmeti, brauð og fleira. Tittlingarnir sækja mest í kornmeti. Epli eru í upphaldi hjá þröstum, störum og silkitoppum.

Þann 7. desember síðastliðinn sá Arnar Helgason torkennilegan lítinn spörfugl á fóðurbrettinu á hlaðinu. Jólátrjáasala félagsins var hafin en Arnar hefur hjálpað til í jólátrjáasölunni mörg undanfarin ár. Ljóst var að ekki var um íslenska fuglategund að ræða eða algengan flæking. Haft var samband við Hannes Þór Hafsteinson fuglaáhugamann og Björgvin Sigurbergsson fugla-ljósmyndara sem náði fyrstu ljósmyndunum af fuglinum. Hannes komst fljótlega á þá skoðun að um amerískan flæking væri að ræða. Fréttin af hinum óþekkta smáfugli barst eins og eldur í sinu um samfélag fuglaáhugafólks og dreif marga að. Það var Sigmundur Ásgeirsson fuglaáhugamaður og ljósmyndari á Álftanesi sem greindi fuglinn endanlega þennan sama dag og fuglinn sást fyrst.



Hrímtittlingur er hánorræn finka náskyld auðnutittling. (Mynd: Sindri Skúlason).

Fuglategund þessi ber fræðiheitið *Melospiza lincolnii* og nefnist *Lincoln's Sparrow* á ensku og er varpfugl í Alaska, Kanada og suður eftir Klettafjöllunum en dvelur á vetrum í sunnanverðum Bandaríkjunum, Mexíkó og norðanverðri Mið-Ameríku.

Fljótlega kom í ljós að fuglategund þessi hafði fengið íslenska heitið brjósttittlingur sem Yann Kolbeinsson líffræðingur hafði gefið tegundinni fyrir nokkrum árum þegar hann vann að íslenskum nafngiftum á erlendum fuglategundum. Brjósttittlingur hefur ekki áður sést hérlandis og ekki nóg með það heldur hefur tegundin



Brjósttittlingurinn (Mynd: Björgvin Sigurbergsson).

aldrei áður sést í Evrópu ef undan eru skildar Azor-eyjar sem liggja langt út í Atlantshafi.

Ekki voru nú allir sáttir við nafngiftina og hófust nú miklar rökræður í hinum svokallaða „þrönga hóp“ um það hvort þessi nafngift væri nothæf. Ýmsar tillögur komu fram sem ekki er hægt að hafa allar eftir en sem dæmi má nefna þallartittling og lauftittling.

Nafnið seylutittlingur hefur birst á prenti og vísar það til kjörlendis hans sem eru hrísmýrar og annað deiglendi. En trúlega þurfum við ekki að hafa miklar áhyggjur af nafni þessa fugls því allsendis óvíst er að hann sjáist aftur hér næstu áratugina.

Brjósttittlingur er grábrúnleitur spörfugl með ljósa, rákótta bringu og eru kynin eins útlits. Brjósttittlingur er á stærð við þúfutittling en áberandi minni en snjótittlingur. Brjósttittlingur er af svokallaðri tittlingaætt eins og snjótittlingur (auðnutittlingur er af finkuætt og þúfutittlingur af erluætt). Tíst brjósttittlings minnir á tístið í glókolli. Fæða brjósttittlings eru pöddur og fræ.

Varla líður sá dagur að ekki komi einhverjir fuglaskoðarar og ljósmyndarar í Þöll til að freista þess að sjá brjósttittlinginn. Eftir áramótin hafa útlendingar verið

áberandi frá ýmsum Evrópulöndum. Asiubúar, líklega Japanir, hafa einnig kíkt við. Bæði er það fólk á eigin vegum og skipulagðir hópar. Ólíklegt er að nokkur fugl hafi fengið eins mikla athygli hérlandis og brjósttittlingurinn í Höfðaskógi. Stafar það annars vegar af því hversu sjaldgæfur hann er í okkar heimshluta og sjálfsagt hefur nafngiftin einnig eitthvað að segja. Líklegt má telja að brjósttittlingurinn hverfi með vorinu eins og gjarnan gerist með flækinga sem ná að lifa af veturinn. Hvert hann fer er ekki gott að segja en kannski reynir hann að rata aftur heim á bernskuslóðirnar. Það eru að minnsta kosti rúmlega 2000 km þangað svo það er ósennilegt að honum takist það. Vestlægir vindar í byrjun vetrar hafa sjálfsagt borið hann hingað. Kannski hefur hann fengið far með skipi hluta leiðarinnar!

Annar flækingur sem sést hefur af og til í vetur á fóðurbrettinu við Þöll er hrímtittlingur (*Carduelis horne-manni*). Hrímtittlingur er hánorræn finka sem verpir á Grænlandi, nyrst í N-Ameríku og nyrst í Skandinavíu og Rússlandi. Hrímtittlingur líkist mjög auðnutittlingi en er allur ljósari. Hrímtittlingar sjást árlega hérlandis og halda sig gjarnan með auðnutittlingum.

Minning: Karl Eiríksson

Karl Eiríksson, einn heiðursfélaga Skógræktarfélags Íslands, lést þann 20. febrúar síðast liðinn. Hann var einn af dyggustu stuðningsmönnum félagsins og studdi það á margvíslegan hátt um áratuga skeið. Karl sinnti einnig störfum í þágu Skógræktarfélags Reykjavíkur og var meðal annars stjórnarmaður þar um langt árabil.

Á jörð sinni Stíflisdal í Þingvallasveit kom hann, ásamt fjölskyldu sinni, upp myndarlegum og fallegum skógi, þrátt fyrir úrtöluorð einhverra í upphafi, en Stíflisdalur liggur í um og yfir 200 m hæð yfir sjávarmáli.

Karl var einnig frumkvöðull í landgræðslu hér á landi, en hann flutti inn áburðarflugvél og vann í samvinnu við Landgræðslu ríkisins að því að bera á uppblástursfláka ofan Gunnarsholts, sem markaði nýjan kafla í uppgræðslu lands hérlandis.

Á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Lýsuhóli árið 2005 veitti félagið Karli æðstu orðu



Karl Eiríksson (t.h.) ásamt öðrum heiðursfélaga Skógræktarfélags Íslands, Óla Val Hanssyni, á ferðinni um skógræktarsvæði í Stíflisdal (Mynd: Kristinn H. Þorsteinsson).

félagsins, gullmerki, ásamt viðurkenningu, þar sem honum var þakkað ómetanlegt starf í þágu skógræktar.

Stuðningur Karls Eiríkssonar við Skógræktarfélag Íslands var einstakur.

Með kveðju frá Skógræktarfélagi Íslands.

Náttúruskógar í Chile í S-Ameríku

Höfundur hélt opið fræðsluerindi í janúar um náttúruskóga og skógrækt í Chile í Suður-Ameríku fyrir skógræktarfélagið Dafnar, sem er félag nemenda og kennara við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Ástæðan var að hann dvaldi í Chile í rúmar tvær vikur í nóvember og desember s.l., þar sem hann tók þátt í því að kenna alþjóðlegt háskólanámskeið í skógvistfræði.

Það var einstök upplifun að kynnst aðstæðum þarna og margt kom á óvart. Til dæmis það að Chile sé gróðurfarslega eyja, ekki síður en Ísland. Þetta stafar af því að himinhá Andesfjöllin stoppa nær allan flutning lifvera frá meginlandinu. Í norðurenda Chile er svo þurrasta svæði heims, Atacama eyðimörkin, sem er 1000 km breið og útilokar landnám plantna og flestra dýra þá leiðina. Lengst í suðri er svo Eldlandið þar sem Andesfjöllin enda, en þar er veðurfar kaldara en á Íslandi og fáar tegundir komast því þá leiðina.

Þessi einangrun veldur því að ríkjandi skógargerðir í Chile eru einkum lenjuskógar (lat. *Notofagus*) af ýmsum tegundum, en þessar tegundir hafa aðlagast ýmiskonar aðstæðum. Þær vaxa því þar sem aðrar skógargerðir, svo sem eikar- og beykiskógar eða barrskógar, myndu vaxa á norðurhveli. Þar vaxa einnig skógar af hinni fornsögule-



Apahrelliskógur í þokuslæðum í fjöllum Chile. Tegundin vex einmitt einkum í hlíðum Andesfjalla í um eða yfir 1000 m hæð. Hún var mjög eftirsótt til smíða og því var var gengið mjög á þessa skóga eftir að Evrópubúar námu Chile (Mynd: BDS).

gu lauftrjátegund apahrelli (lat. *Araucaria*). Þessi tegund hefur verið nefnd „lifandi steingerfingur“, en hún er talin hafa komið fram fyrir um 60 milljón árum þegar fyrstu lauftrén tóku að þróast. Hún er sígrænt lauftré, þrátt fyrir að útlið minni á barrtré eða jafnvel pálma.

Höfundur hefur haft uppi góð orð um að skrifa greinar í Skógræktarritið sem byggja á þessum fyrirlestri og vonandi mun hann standa við stóru orðin.

Bjarni Diðrik Sigurðsson (bjarni@lbhi.is)

Skógrækt í skólanum

Fjölbrautaskóli Vesturlands var með svokallaða opna daga nú í mars og var skógrækt eitt af því sem boðið var upp á fyrir nemendur, í samvinnu við Skógræktarfélag Akraness. Markmiðið var að kynna skógræktarsvæðin á Akranesi fyrir nemendunum og leyfa þeim að spreyta sig á skógræktarstörfum, eins og grisjun og töku stiklinga.

Voru tíu nemendur og þrír kennarar sem völdu þessa hollu útivist. Teknir voru stiklingar af öspum og felld víðitré í skógræktarsvæðinu í Slögu, sem brotnað höfðu í illviðrum vetrarins og lagst utan í annan trjágróður. Til aðstoðar var Bjarni Þóroddsson, fyrrverandi formaður Skógræktarfélags Akraness og núverandi formaður Skógræktarfélags Skilmannahrepps, sem miðlaði af reynslu sinni og þekkingu.



Hugað að grisjunarmálum í Slögu, einu svæða Skógræktarfélags Akraness (Mynd: Jens B. Baldursson).